

Nd.

476. Frumvarp

til laga um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hjer segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

Þer nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett í nefndinni um gengisskráninguna.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörfin greiðir rikissjóður að $\frac{3}{8}$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $\frac{1}{8}$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.